

Leikskólinn Hraunheimar leitar að leikskólakennara

Ertu skapandi, metnaðarfull(ur) og með brennandi áhuga á að vinna með börnum í umhverfi þar sem leikurinn er í forgrunni?

Leikskólinn Hraunheimar er nýr leikskóli í Þorlákshöfn. Við leggjum áherslu á að skapa umhverfi þar sem börn læra í gegnum leik, þróa hæfni sína á fjölbreyttum sviðum og verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Hugmyndafræði leikskólans byggir á læsi í víðu samhengi þar sem lögð er áhersla á eftirfarandi læsisþætti:

- ❖ Félags- og tilfinningalæsi
- ❖ Umhverfis- og samfélagslæsi
- ❖ Stafa- og stærðfræðilæsi
- ❖ Heilsulæsi
- ❖ Faglegt læsi starfsmanna og foreldra

Starfsmenn leikskólans vinna saman í teyllum, þvert á deildir með það að markmiði að efla faglegt læsi starfsmanna, viðhalda og þróa stefnu leikskólans og byggja upp öflugt lærdómssamfélag þar sem allir starfsmenn hafa rödd og fá tækifæri til að læra hverjir af öðrum.

Hægt er að lesa meira um hugmyndafræði Hraunheima [hér](#).

Um er að ræða 100% stöðu og eru öll kyn hvött til að sækja um. Laun eru samkvæmt kjarasamningum KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 12. ágúst 2026.

Helstu verkefni og ábyrgð

- ❖ Vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu.
- ❖ Skipuleggja og framkvæma fjölbreyttar náms- og leikjastundir í samræmi við stefnu leikskólans.
- ❖ Hlúa að jákvæðum samskiptum, vellíðan og félagslegri færni barna.
- ❖ Vinna í góðu samstarfi við börn, foreldra og samstarfsfólk.
- ❖ Taka þátt í teymisvinnu þvert á deildir.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ❖ Leyfisbréf kennara eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- ❖ Reynsla af vinnu í leikskóla æskileg.
- ❖ Áhugi og vilji til að vinna í anda læsis í víðu samhengi.
- ❖ Góð samskiptahæfni, jákvæðni og skipulagshæfni.
- ❖ Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi.
- ❖ Góð íslenskukunnátta

Við bjóðum

- ❖ Einstakt tækifæri til að taka þátt í að móta nýjan leikskóla
- ❖ Góðan stuðning í starfi, tækifæri til símenntunar og faglegs vaxtar.

Fáist ekki starfsmaður með leyfisbréf til kennslu, kemur til greina að ráða háskólamenntaðan einstakling eða einstakling með reynslu af starfi með börnum, sbe. Lög nr 95/2019.

Skilyrði að viðkomandi geti framvísað hreinu sakavottorði.

Umsóknum skal skilað rafrænt á heimasíðu Ölfuss [Sveitarfélagið Ölfus](#)

Umsóknarfrestur er til 5. maí 2026.

Nánari upplýsingar veitir:

Hrafnhildur Hlín, leikskólastjóri: hrafnhildurh@olfus.is eða í síma 415-0570

Ef þú vilt taka þátt í að byggja upp framsækinn leikskóla með sterka menntastefnu, þá er þetta tækifærið fyrir þig!